

Fundargerð
Foreldra- og hollvinafélag ME
15. september 2026

Þátttakendur: Árni Ólason (skólameistari), Elsa Guðný Björgvinsdóttir (formaður), Elsa Arney Helgadóttir (gjaldkeri), Sóley Orradóttir (ritari á Teams), Michael Fjólar (formaður NME) og Eyrún Matthíasdóttir (varaformaður NME).

Staður: Fundarherbergi ME

Fundartími: 16:30-17:00

Mál til umræðu:

a) Nemendaráð kynnir starfið.

Michael og Eyrún kynntu starf NME. Það helsta sem er á dagskrá fram að áramótum er Barkinn, Ólympíuleikar Austurlands og 1. des skemmtun. Vikulega er boðið upp á afþreyingu á sal og ME bolti er tvisvar í viku. Ýmis félög eru starfandi í skólanum, þar má nefna tónlistafélag, leikfélag, taflfélag, D&D. Einnig hefur nýnemablað þegar komið út.

Skemmtun sem haldin er í tengslum við 1. desember er stærsti viðburðurinn sem er á döfinni hjá NME. Undanfarin ár hefur skemmtunin verið haldin í Valaskjálfi sem ekki er í boði í ár. Umræður fóru fram um hvaða húsnæði í nágrenninu gæti tekið við skemmtuninni.

Eyrún segir frá því að nemendaráð getur sótt um styrki til foreldrafélagsins. Michael og Eyrún viku af fundi.

b) Fjárhagur NME og busaball

Góð fjárhagsleg staða hjá nemendafélaginu, síðasta stjórn NME skilaði góðu búi. Búið er að halda busaball það gekk mjög vel og fór vel fram.

c) Skólanefnd ME

Ekkert hefur komið frá skólanefnd ME en fulltrúi frá foreldraráði er áheyrnarfulltrúi á þeim fundum.

Næsti fundur: þriðjudaginn 3. nóvember kl. 16:30.

Fundargerð ritaði: Sóley Orradóttir